

# ENDURREISN

## FAGNAÐARERINDIS JESÚ KRISTS





## GUÐ ER ÁSTRÍKUR FAÐIR OKKAR Á HIMNUM

Guð er faðir okkar á himnum. Hann þekkir okkar persónulega og elskar okkur meira en við fáum skilið. Hann vill að við séum hamingjusöm í þessu lífi og í eilífðinni.

Hann hefur í þeim tilgangi séð okkur fyrir áætlun sem nefnist **fagnaðarerindi\*** Jesú Krist. Jesú Kristur er sonur Guðs. Líf hans og kenningar veita leiðsögn að friði í þessu lífi og gleði í eilífðinni.

*Himneskur faðir okkar hefur veitt að nýju – endurreist – guðlegan sannleika, sem við getum lært og lifað eftir. Sannleikur þessi var opinberaður spámönnum frá upphafi.*

## FAGNAÐARERINDIÐ BLESSAR FJÖLSKYLDUR OG EINSTAKLINGA

Fagnaðarerindi Jesú Krist blessar alla þá sem taka á móti og lifa eftir því. Einna best er að kenna og tileinka sér fagnaðarerindið innan fjölskyldunnar. Guð hefur stofnsett fjölskyldur til að stuðla að hamingju barna sinna, gera okkur mögulegt að læra réttar reglur í ástúðlegu umhverfi og búa okkur undir að snúa til hans eftir dauða okkar. Þótt stundum geti reynt á fjölskylduböndin, mun himneskur faðir blesa okkur er við leggjum kapp að lifa eftir kenningum Jesú Krist. Þær kenningar gera okkur kleift að efla fjölskyldu okkar.

## HIMNESKUR FAÐIR OPINBERAR FAGNAÐARERINDI SITT

Guð velur spámenn samkvæmt áætlun sinni, líkt og Adam, Nóa, Abraham og Móse. Spámenn:

- Kenna um Guð og eru sérstök vitni um son hans, Jesú Krist.
- Taka á móti **opinberun** eða leiðsögn frá Drottni.
- Kenna heiminum fagnaðarerindið og túlka orð Guðs.

\*Hugtök merkt rauðu eru skilgreind á bls. 18 og 19.

Spámenn hljóta **prestdæmið** eða valdsumboðið til að mæla og starfa í nafni Guðs, börnum hans til leiðsagnar. Fólk sem fylgir spámönnunum hlýtur þær blesanir sem Guð hefur heitið. Þeir sem hafna fagnaðarerindinu og spámönnum Guðs fara á mis við þessar blesanir og fjarlægjast Guð. Þeir sem hafna spámönnunum og hverfa frá þeirri skuldbindingu sinni að fylgja Guði eru í þeirri stöðu sem nefnist **fráhvarf**.


**O**pinberaður sannleikur er glataður, þegar fólk hafnar spámönnunum.

Himneskur faðir heldur áfram að elska börn sín, jafnvel þótt mörg þeirra hafni honum og spámönnum hans endurtekið. Hann vill veita okkur allt sem við þurfum til að við getum nú notið hamingju og snúið að

nýju til hans eftir dauða okkar. Í ritningunum er greint frá því hvernig Guð reynir stöðugt að ná til barna sinna, jafnvel þótt þau hlusti ekki alltaf:

- Guð velur spámann.
- Spámaðurinn kennir fagnaðarerindið og leiðir fólkið.
- Guð blesar fólkið.
- Fólkið tekur smám saman að vanrækja eða óhlýðnast kennslu spámannsins. Að lokum hafnar það spámanninum og kennslu hans og verður fráhverft.
- Fráhvarfið leiðir til þess að fólk glatar þekkingu á fagnaðarerindinu. Prestdæmisvaldið er tekið frá því.
- Á sínum tíma, þegar fólk er reiðubúið að fylgja Guði að nýju, mun hann velja annan spámann, endurreisa prestdæmið og kirkjuna og leiðbeina spámanninum um kennslu fagnaðarerindisins.

\*Hugtök merkt rauðu eru skilgreind á bls. 18 og 19.





## JESÚS KRISTUR STOFNAÐI KIRKJU SÍNA

Allt frá tíma sköpunarinnar hafa börn Guðs vænst komu frelsarans Jesú Krists. Himneskur faðir okkar sendi son sinn til jarðar fyrir rúmum tvö þúsund árum, líkt og hann hafði lofað.

Jesús Kristur lifði follkomnu, syndlausu lífi. Hann stofnaði kirkju sína, kenndi fagnaðarerindi sitt og gerði mörg kraftaverk. Hann valdi tólf menn sem **postula** sína, þar á meðal Pétur, Jakob og Jóhannes. Hann kenndi þeim og veitti þeim valds-umboð prestdæmisins til að kenna í sínu nafni og framkvæma endurleysandi **helgiat-hafnir**, líkt og **skírn**.

Pegar Jesús stofnaði kirkju sína, tók hann á móti fyri mælum frá himneskum föður okkar. Hann gaf lærisveinum sínum síðan fyri mæli. Jesús kenndi fylgjendum sínum að opinberun frá Guði væri sá klettur sem hann byggði kirkju sína á.

*Jesús Kristur skipulagði kirkju sína:*

- *Hann kallaði og vígði postula.*
- *Hann veitti þeim vald sitt til að kenna og skíra. Valdsumboð þetta nefnist prestdæmið.*
- *Eftir dauða sinn og upprisu hélt hann áfram að leiða postulana með opinberun.*

Jesús Kristur lauk lífi sínu með því að þjást og deyja fyrir syndir allra sem lifað hafa eða munu lifa á jörðu. Sú mikla fórn er nefnd **friðþægingin**. Með þjánungum sínum, dauða og **upprisu** gerði frelsarinn okkur mögulegt að hljóta fyrirgefningu. Peir sem eiga trú á hann, iðrast og halda boðorð hans, munu hljóta fyrirgefningu synda sinna og fyllast friði og gleði.

Eftir dauða sinn veitti Jesús Kristur postulum sínum leiðsögn með opinberun. Í Biblíunni er greint frá því hvernig hann hélt áfram að leiðbeina kirkju sinni (sjá Post 10; Op 1:1). Kirkja Jesú Krists var þannig leidd af Guði en ekki mönnum.

\*Hugtök merkt rauðu eru skilgreind á bls. 18 og 19.

## FRÁHVARFIÐ MIKLA

Eftir dauða Jesú Krista ranglátir menn að ofsækja og drepna þegna kirkjunnar. Aðrir þegnar kirkjunnar hurfu frá reglunum sem Jesú Kristur og postular hans kenndu. Postularnir voru

**M**eð dauða postula  
Jesú Krista glataðist sann-  
leikurinn enn að nýju.

drepni og prestdæmisvaldið var tekið af jörðu – þar á meðal lyklarnir til að stjórna og taka á móti opinberunum fyrir kirkjuna. Villur slæddust inn í kenningar kirkjunnar, því hún létt ekki lengur leiðast af prestdæmisvald-

inu. Gott fólk og mikið af sannleika var enn fyrir hendi, en fagnaðarerindið líkt og Jesú Kristur setti það fram var glatað. Tímabil þetta nefnist fráhvarfið mikla.

Fráhvarfið leiddi til þess að margar kirkjur voru stofnaðar, sem greindi á um kenningar. Á þessum tíma leituðu margir karlar og konur sannleikans, en án árangurs. Margt gott fólk trúði á Guð og Jesú Krist og reyndi að skilja og kenna sannleikann, en það hafði hvorki allt fagnaðarerindið né prestdæmisvaldið. Það leiddi til þess að hver kynslóð tók að arfi það fráhvarfsstig sem fyrri kynslóðir skildu eftir, þar á meðal breytingarnar sem urðu á fagnaðarerindi Krista.

Sumir innblásnir menn, líkt og Martin Luther og John Calvin, gerðu sér grein fyrir því að framkvæmdir og kenningar höfðu breytst eða glatast. Peir reyndu að siðbæta kirkjurnar sem þeir tilheyrðu. Án prestdæmisvaldsins var aftur á móti ekki mögulegt að koma fagnaðarerindi Jesú Krista í upprunalegt horf. Pörf var fyrir **endurreisn**.

\*Hugtök merkt rauðu eru skilgreind á bls. 18 og 19.

**G**uð vissi að fráhvarf yrði. Hann sagði með spámanni Gamla testamentisins:

„Sjá, þeir dagar munu koma ... að ég mun senda hungur inn í landið, ekki hungur eftir brauði né þorsta eftir vatni, heldur eftir því að heyra orð Drottins.

Svo að menn skulu reika frá einu hafinu til annars og renna frá norðri til austurs til þess að leita eftir orði Drottins.

En þeir skulu ekki finna það.“

**Amos 8:11–12**



## ENDURREISN FAGNAÐARERINDISINS

Árið 1820 valdi himneskur faðir okkar spámann að nýju, líkt og hann hafði gert á liðnum öldum, til að endurreisa fagnaðarerindið og prestdæmið á jörðu. Nafn þess spámanns var Joseph Smith. Þegar Joseph var piltur var hann ráðviltur vegna ólíkra kenninga hinna mörgu kirkna á heimasvæði hans og þráði að vita hvaða kirkja væri sönn. Hann skorti visku og fylgdi því þessari leiðsögn í Bíblíunni: „Ef einhvern yðar brestur visku, þá biðji hann Guð, sem gefur öllum örláttlega og átölulaust, og honum mun gefast“ (Jakbr 1:5).

Joseph Smith einsetti sér að spryja Guð hvað honum bæri að gera. Þegar Joseph baðst fyrir til að komast að sannleikanum, birtust honum himneskur faðir okkar og Jesús Kristur. Jesús sagði Joseph að ganga ekki í neina kirknanna, því „þeim skjátlaðist öllum“ og „[þær] nálgast mig með vörum, en eru fjarri mér í hjarta sínu. [Pær] kenna boðorð manna, sem eru guðleg að formi, en [þær] afneita krafti þeirra“ (Joseph Smith – Saga 1:19).

Guð kallaði Joseph Smith til að vera spámann, líkt og hann hafði gert við Adam, Nóa, Abraham, Móse og fleiri spámenn, og fyrir hans tilstilli var fagnaðarerindið endurreist í fyllingu sinni.

*Joseph Smith sá himneskan föður og Jesú Krist. Hann sagði um þá reynslu:*

*„[Ég] sá ljósstólpuna beint yfir höfði mér, skærari en sólin, og hann lækkaði hægt, uns hann féll á mig. ...*

*Þegar ljósið hvíldi á mér, sá ég tvær verur, svo bjartar og dýrðlegar, að ekki verður með orðum lýst, og stóðu þær fyrir ofan mig í loftinu. Önnur þeirra ávarpaði mig, nefndi mig með nafni og sagði, um leið og hún benti á hina: „Þetta er minn elskaði sonur. Hlýð þú á hann!“*

**Joseph Smith – Saga 1:16–17**

## Endurreisn prestdæmisins


Árið 1829 veittist Joseph Smith sama prestdæmisvaldið og Jesús Kristur hafði veitt postulum sínum. Jóhannes skírari, sem skírði Jesú, birtist Joseph Smith og veitti honum **Aronsprestdæmið** eða lægra prestdæmið. Síðar birtust Pétur, Jakob og Jóhannes (þrír af upprunalegu postulum Jesú Krists) Joseph Smith og veittu honum **Melkísedeksprestdæmið** eða æðra prestdæmið.

Eftir að Joseph Smith veittist prestdæmisvaldið, hlaut hann leiðsögn um að stofna kirkju Jesú Krists á jörðu að nýju. Jesús Kristur kallaði að nýju tólf postula með honum.

*Jesús Kristur sendi  
Jóhannes skírara  
og þrjá postula sína til  
að veita Joseph Smith  
prestdæmisvaldið.*

Jesús Kristur heldur áfram að veita kirkjunni leiðsögn á okkar tínum með lifandi spámönnum og postulum, á sama hátt og hann leiddi postulana eftir upprisu sína. Forseti Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu, er útvalinn spámaður Guðs á okkar tínum. Hann, ráðgjafar hans og postularnir tólf hafa prestdæmisvaldið sem allir spámenn og postular fyrri tíma hafa haft. Pessir menn eru spámenn, sjáendur og opinberrar.

\*Hugtök merkt rauðu eru skilgreind á bls. 18 og 19.





## MORMÓNSBÓK

Guð leiddi fram Mormónsbók: Annað vitni um Jesú Krist, sem hluta af endurreisn fagnaðarerindisins. Joseph Smith þýddi þá bók með krafti Guðs, af fornnum heimildum sem ritaðar voru á gulltöflur.

Mormónsbók ... er frásögn um samskipti Guðs við hina fornu íbúa Ameríku og geymir fyllingu hins ævarandi fagnaðarerindis“ (formáli Mormónsbókar).

Mormónsbók er máttugt vitni um Jesú Krist. Hún gerir okkur kleift að skilja kenningar hans, einnig þær sem eru í Biblunni.

Mormónsbók er óyggjandi sönnun um endurreisn fagnaðarerindisins fyrir tilstilli Josephs Smith. Við getum sjálf komist að því að Mormónsbók er sönn. Við verðum að lesa hana til að hljóta þá vitneskju, hugleiða boðskap hennar og þrá að vita hvort hún er sönn. Við verðum að biðja himneskan föður okkar að staðfesta að hún sé orð hans. Ef við gerum það, mun hann með **heilögum anda** opinbera okkur að hún er sönn.

Þegar við hljótum vitneskju um að Mormónsbók sé sönn, munum við einnig vita fyrir heilagan anda að Joseph Smith var spámaður Guðs, að fagnaðarerindi Jesú Krists var endurreist fyrir hans tilstilli og að Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu nýtur leiðsagnar spámanns og postula á okkar tínum.

*Við getum komist að sannleika þess sem trúboðarnir kenna, ef við lesum og biðjumst fyrir varðandi Mormónsbók:*

*„Ef þú biðst fyrir af einlægum ásetningi og í trú á Krist, mun Guð segja þér með krafti heilags anda að bókin sé sönn.*

*Og fyrir kraft heilags anda getið þér fengið að vita sannleiksgildi allra hluta.“*

**Moró 10:4–5**

\*Hugtök merkt rauðu eru skilgreind á bls. 18 og 19.

## HVERNIG GETUM VIÐ HLOTIÐ SLÍKA VITNESKJU?

Við getum hlotið vitneskju um að boðskapur þessi sé sannur.

Ef við spyrjum himneskan föður í bæn, getum við hlotið svar frá honum með heilögum anda.

Heilagur andi er oft nefndur andi Guðs og eitt hlutverka hans er að vitna um sannleikann.

Vitneskja þessi getur verið undursamleg og áhrifamikil, en yfirleitt veitist hún sem friðsæl fullvissa, án tilkomumikils sjónarspils á mætti Guðs. Heilagur andi staðfestir sannleikann í gegnum tilfinningar og hugsanir. Líkt og kennt er í Biblíunni: „Ávöxtur andans er: Kærleiki, gleði, friður, langlyndi,

gæska, góðvild, trúmannska [og] hógværð“ (Gal 5:22–23).

Slíkar tilfinningar frá heilögum anda eru persónuleg opinberun til okkar um að fagnaðarerindi Jesú Krists, líkt og Joseph Smith endurreisti það, er sannleikur. Við þurfum þá að velja hvort við viljum lifa í samræmi við þá vitneskju sem við höfum hlotið.

### **H**vernig biðst ég fyrir?

- Ávarpa himneskan föður.
- Greini frá þrám hjartas (þakka, spyr, bið um staðfestingu á að Mormónsbók sé sönn og það sem trúboðarnir hafa kennt).
- Lýk („Í nafni Jesú Krists, amen“).



## SKILGREINING Á HUGTÖKUM

**Aronsprestdæmið** lægra prestdæmið. Prestdæmi þetta hefur vald til að framkvæma skírn og er nefnt eftir Aron í Gamla testamenti Biblunnar.

**Endurreisn** Gera eitthvað eins og það áður var, endurgera það, setja það aftur á stofn. Eftir að sannleikurinn og valdsumboðið glötuðust á jörðu, var fagnaðarerindið endurreist fyrir tilstilli spámannsins Joseph Smith. Endurreisn er ólík síðbót, því síðbót merkir að lagfæra stofnun eða framkvæmd í þeirri viðleitni að reyna að færa hana í upprunalegt horf, en *endurreisn* merkir að koma aftur á fót stofnun eða framkvæmd í algjörlega upprunalegri mynd.

**Fagnaðarerindið** Áætlun himnesks föður okkar sem gerir okkur kleift að hljóta frið í þessu lífi og gleði í eilífðinni. Kjarni fagnaðarerindisins er friðþæging Jesú Krists og krafa um að við trúum á hann, iðrumst, skírumst og tökum á móti heilögum anda og stöndumst allt til enda.

**Fráhvarf** Þegar einstaklingar, kirkjan eða heilar þjóðir hverfa frá fagnaðarerindi Jesú Krists. Fráhvarf leiðir til klofnings, uppnáms og glötunar prestdæmisvalds eða umboðsins til að starfa í nafni Guðs.

**Friðþæging** Atburður sem gerir okkur kleift að sættast við Guð. Að friðþægia merkir að þjást fyrir syndsamlegan verknad og þar með að gera að engu áhrif syndar á hinn iðrandi syndara. Aðeins Jesús Kristur var þess megnugur að framkvæma fullkomna friðþægingu fyrir allt mannkyn. Í friðþægingu hans felst þjáning fyrir syndir okkar, úthelling blóðs hans og dauði hans og upprisa. Allir sem lifað hafa munu vegna friðþægingar hans verða reistir upp. Friðþægingin sér okkur einnig fyrir leið til að hljóta fyrirgefningu synda okkar og að lifa að eilífu hjá Guði.

**Heilagur andi** Einnig nefndur andinn helgi, andi Guðs og huggarinn. Hann vitnar um himneskan föður og Jesú Krist og opinberar og kennir sannleikann.

**Helgiathöfn** Helg athöfn sem framkvæmd er með valdi prestdæmisins. Skirn er til að mynda helgiathöfn.

**Melkísedeksprestdæmið** Æðra prestdæmið. Pað er nefnt eftir Melkísedek í Gamla testamenti Biblíunnar, sem var réttlátur há prestur og konungur.

**Opinberun** Samskipti Guðs við börn hans, yfirleitt með heilögum anda. Einstaklingar geta hlotið opinberun sjálfum sér til leiðsagnar, en útvalinn spámaður Guðs getur hlotið opinberun fyrir allan heiminn. Opinberun getur hlotist á marga vegu, en algengast er að hún hljótist í gegnum tilfinningar og hugsanir.

**Postuli** Titill sem Jesú Kristur gaf tólf mönnum er hann valdi sem nánustu samstarfsmenn sína í þjónustu sinni á jörðu og sem hann veitti vald til að starfa í sínu nafni. Á okkar tínum hefur Jesús Kristur kallað aðra menn til að þjóna sem postular hans. Postuli er, líkt og á fyrri tínum, sérstakt vitni Jesú Krists og hefur þegið vald sitt frá honum.

**Prestdæmið** Vald og kraftur Guðs. Guð veitir mönnum kraft til að starfa í sínu nafni. Jóhannes skírari, sem skírði Jesú, veitti Joseph Smith Aronsprestdæmið. Pétur, Jakob og Jóhannes, þrír af hinum tólf postlum Jesú, endurreistu Melkísedeksprestdæmið.

**Skírn** Nauðsynlegt skref til að hljóta fyrirgefningu syndanna. Fyrir skírn og staðfestingu með prestdæmisvaldi verðum við þegnar Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu. Skírna er framkvæmd með niðurdýfingu, en í því felst að einstaklingur sem er skírður er hulinn vatni. Skírnin sýnir að við erum fús til að fylgja fordæmi Krists og gera sáttmála við Guð.

**Upprisa** Endursameining anda og fullkomins líkama af holdi og beinum eftir líkamsdauðann. Jesús Kristur var fyrstur til að rísa upp.

## FREKARA NÁM

Eftirtaldar spurningar og ritningargreinar gera ykkur kleift að læra meira um reglurnar í þessum bæklingi og hugleiða þær. Efnið er ekki tæmandi; neðanmálstexti og gagntilvísanir í ritningunum vísa á frekara efni og ritningargreinar.

**Hver er merking þess fyrir ykkur að Guð er himneskur faðir okkar?**

Malakí 2:10 (Biblían, Gamla testamentið)

Hebreabréfið 12:9–10 (Biblían, Nýja testamentið)

---

---

---

**Hvert er hlutverk spámanns? Hvers vegna er mikilvægt að vita að Guð talar til spámannna?**

Amos 3:7 (Biblían, Gamla testamentið)

Jakob 4:4–6 (Mormónsbók, bls. 140)

---

---

---

**Hver er merking þess að hafa prestdæmisvald? Á hvaða hátt hljóta sumir þetta vald?**

Matteus 10:1 (Biblían, Nýja testamentið)

Jóhannes 15:16 (Biblían, Nýja testamentið)

---

---

---

**Hvað gerist þegar þetta vald glatast?**

Amos 8:11–12 (Biblían, Gamla testamentið)

1. Nefí 13:24–29 (Mormónsbók, bls. 28)

---

---

---

**Vissu postular Jesú að fráhvarf ætti eftir að verða?**

Postulasagan 20:28–31 (Biblían, Nýja testamentið)

2. Pessalónikubréfið 2:2–3 (Biblían, Nýja testamentið)

2. Tímóteusarbréfið 4:3–4 (Biblían, Nýja testamentið)

---

---

---

**Hvað finnst ykkur um að fagnaðarerindi Jesú Krists hefur verið endurreist fyrir tilstilli Josephs Smith?**

*Vitnisburður spámannsins Josephs Smith* (bæklingur)

---

---

---

**Hvað er Mormónsbók? Á hvaða hátt er hún vitni um köllun Josephs Smith sem spámanns?**

Titilsíða Mormónsbókar

Formáli Mormónsbókar

---

---

---

**Hvert er hlutverk heilags anda?**

Alma 5:45–47 (Mormónsbók, bls. 249)

Moróní 10:3–5 (Mormónsbók, bls. 598)

---

---

---

## TILBEIÐSLA MEÐ OKKUR

---

KOMIÐ OG SJÁIÐ HVERNIG HIÐ ENDURREISTA  
FAGNAÐARERINDI GETUR BLESSAÐ LÍF YKKAR.



Sakramentissamkoma er aðal guðsþjónusta okkar. Hún er yfirleitt í rúma klukkustund og dæmigerð dagskrá er sem hér segir:

*Sálmar:* Sungnir af söfnuðinum. (Sálmbækur eru fyrir hendi.)

*Bænir:* Fluttar af einhverjum í heimasöfnuði.

*Sakramentið:* Brauð og vatn er blesað og útdeilt til safnaðarins í minningu friðþægingar Jesú Krists.

*Ræðuflutningur:* Yfirleitt flytja tveir eða þrír meðlimir safnaðarins ræðu um efni fagnaðarerindisins.

*Klæðnaður:* Karlar og piltar klæðast yfirleitt jakkfötum eða betri buxum og skyrtu og bindi. Konur og stúlkur klæðast kjól eða pilsí.

Ekki er farið fram á peningagjafir á samkomum.

Við bjóðum ykkur einnig að sækja aðrar samkomur, eftir áhuga og aldri. Skipulag og fyrirkomulag þeirra samkoma getur verið mismunandi.

*Sunnudagaskóli:* Námsbekkir í ritningum og kenningum fagnaðarer-indisins.

*Prestdæmisfundir:* Námsbekkir fyrir karla og pilta 12 ára og eldri.

*Líknarfélagið:* Námsbekkir fyrir konur 18 ára og eldri.

*Stúlknafélagið:* Námsbekkir fyrir stúlkur 12 til 18 ára.

*Barnafélagið:* Námsbekkir barna og sameiginleg kennsla allra 3ja til 11 ára. Barnagæsla fyrir 18 mánaða til 3ja ára er oft fyrir hendi.



Tími sakramentissamkomu: \_\_\_\_\_

Heimilisfang kapellu: \_\_\_\_\_

# Hvað skal gera?

- Lesa Mormónsbók.

Tillaga að lestrarefni: \_\_\_\_\_

---

---

---


- Biðjast fyrir til að hljóta vitneskju um að Joseph Smith var spámaður og að Mormónsbók er orð Guðs.
- Sækja kirkju.
- Ákveða hvort þú vilt fylgja frelsaranum með því að láta skírast. Dags. skírnar: \_\_\_\_\_
- Fara á vefsíðuna [www.mormon.org](http://www.mormon.org) til að læra meira um endurreisn fagnaðarerindis Jesú Kristi.
- Halda áfram að læra meira hjá trúboðunum um þann sannleika sem Guð hefur endurreist með nútíma spámönnum.

Næsta heimsókn: \_\_\_\_\_

Nöfn trúboða og símanúmer:

---

---



KIRKJA  
JESÚ KRISTS  
HINNA  
SÍDARI DAGA HEILÖGU

[www.mormon.org](http://www.mormon.org)

#### Upplýsingar um myndir

Framsíða: Týndi sauðurinn, eftir Del Parson. © Del Parson. Óheimilt að afrita  
Bls. 2 Henrik Als  
Bls. 5: Hluti af Spámaðuninn Sesaja spáir um fæðingu Kristi, eftir Harry Anderson  
Bls. 6: Hluti af Kristur vígir tólf postula, eftir Harry Anderson  
Bls. 13: Hluti af Endureisn Melkísedeksprestdæmisins, eftir Kenneth Riley  
Bls. 14: Hluti af Jesus Kristur í Ameriku, eftir John Scott  
Bls. 17, 22, 23 eftir Henrik Als

ICELANDIC

A standard linear barcode.

4 0201124190 6  
01124 190